

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Austurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Búðahrepps, nr. 662/2002, og samþykkt um stjórn og fundarsköp Stöðvarhrepps, nr. 548/1997, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. nóvember 2003.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 587/1993, um bragðefni í matvælum.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði verður svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Framkvæmdastjórn EB hefur með ákvörðun nr. 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999, með breytingum nr. 2000/489/EB og nr. 113/2002/EB, birt lista yfir bragðefni, sem notuð eru í matvælum. Jafnframt hefur verið sett af stað áætlun í samræmi við reglugerð nr. 846/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um bragðefni í matvælum. Að matsferlinu loknu munu íslensk stjórnvöld birta með lögformlegum hætti lista yfir bragðefni sem heimil eru til notkunar í matvælum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. nóvember 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.